



Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 8. september 2026

2509484SA HMP

Málalykill: 01.03

Efni: Notendaráð sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga vill í upphafi nýs kjörtímabils minna sveitarfélög á mikilvægi þess að skipa í lögbundin notendaráð sveitarfélaga þ.e. samráðshóp í málefnum fatlaðs fólks, öldungaráð og ungmennaráð. Mikilvægt er að rýna vel samþykktir og erindisbréf sem og lagaleg skilyrði varðandi uppbyggingu ráðanna.

Öldungaráð skv. 6.-8. gr. [laga um málefni aldraðra nr. 125/1999](#)

- Í öldungaráði skulu að lágmarki sitja þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrír fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um öldrunarþjónustu skulu viðkomandi sveitarfélög og félög eldri borgara á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu öldungaráðs. Sveitarstjórnir velja öldungaráðinu formann úr hópi öldungaráðsmanna.

Notendaráð í málefnum fatlaðs fólks skv. 8. gr. og 42. gr. [laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991](#).

- Í samráðshópnum skulu að lágmarki sitja þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrír fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um þjónustu við fatlað fólk skulu viðkomandi sveitarfélög og hagsmunasamtök fatlaðs fólks á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu hópsins.

Ungmennaráð skv. 11. gr. [æskulýðslaga nr. 70/2007](#)


- Sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð.

Þessi ráð eru mikilvægur vettvangur samráðs og lýðræðis sem stuðla að því að raddir íbúa komi að stefnumótun, þróun þjónustu og ákvarðanatöku innan sveitarfélaga. Til að ráðin verði öflug í sínu starfi er mikilvægt að fulltrúar þeirra fái viðeigandi stuðning og fræðslu um stjórnkerfi sveitarfélagsins, hlutverk sitt, fundarsköp og hvernig þau geta komið málum á dagskrá og fylgt þeim eftir innan stjórnsýslunnar.

Við bendum jafnframt á að í [Sveitarfélagaskóla Sambandsins](#) er að finna námskeið og fræðsluefni um hlutverk og verkefni þessara ráða sem nýtast bæði fulltrúum ráðanna, starfsfólki og kjörnum fulltrúum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Helga María Pálsdóttir
sviðsstjóri